


Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Stykkishólmi 14. febrúar 2025

Efni: Ljárskógar - deiliskipulag fyrir frístundabyggð

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér deiliskipulagstillögu fyrir frístundabyggð við Ljárskóga og hefur eftirfarandi athugasemdir.

Fuglatalning fór fram á svæðinu sumarið 2024. Breiðafjarðarnefnd bendir á að strandlengjan við Ljárskóga er ekki einungis nýtt af fuglum að sumri heldur er svæðið líka mikilvægt fyrir fugla yfir veturinn. Innri hluti Hvammsfjarðar er eitt af mikilvægustu vetrarsvæðum fyrir tjalda eins og talningar frá 1952 til 2014 gefa til kynna¹, sbr. mynd 1 fyrir neðan.



Mynd 1: Útbreiðsla Tjalds á Íslandi. Hægt er að sjá mikilvægi innri Hvammsfjarðar fyrir Tjald yfir vetrartíma sem eitt af fimm helstu kjarnasvæðum á landsvísu. Heimild: Náttúrufræðistofnun, 2016

¹ Náttúrufræðistofnun. (2016). *Fjölrit 55 – Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf; bls. 90.

Skoska Náttúrufræðisstofnunin (Scotland's Nature Agency) telur að skynsamlegt sé að tryggja um 150-300 m jaðarsvæði utan um dvalastaði tjalds utan varptíma svo að hann verði ekki fyrir truflun af mannavöldum². Tjaldur er viðkvæmur fyrir truflun af mannavöldum^{3 4} og telur Breiðafjarðarnefnd að tryggja ætti að framkvæmdir við deiliskipulgssvæðið leiði ekki til þess að tjaldar verði fældir frá því vegna truflunar af mannavöldum.

Breiðafjörður er verndaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar⁵ og er svæðið m.a. verndað fyrir lífríki sitt.

Breiðafjarðarnefnd er sammála um að notast skuli við innlendar plöntur við uppgræðslu á lóðum.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd mikilvægi Breiðafjarðar fyrir fuglalíf. Ljárskógar liggja meðfram strandlengju Breiðafjarðar sem er vernduð samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og framkvæmdir á og við verndarsvæðið hafa áhrif á fuglalíf þess, þó að framkvæmdir liggja utan 50 m helgunarfjarlægðar frá strandlengju Breiðafjarðar. Einnig ber að varast truflun við látur og aðra hvíldarstaði sela á svæðinu.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

² Goodship, N.M. and Furness, R.W. (MacArthur Green) Disturbance Distances Review: An updated literature review of disturbance distances of selected bird species. NatureScot Research Report 1283. <https://www.nature.scot/doc/naturescot-research-report-1283-disturbance-distances-review-updated-literature-review-disturbance#Eurasian+oystercatcher,+Haematopus+ostralegus>; bls. 139- 144.

³ Van der Kolk et al. (2021). The hidden cost of disturbance: Eurasian Oystercatchers (Haematopus ostralegus) avoid a disturbed roost site during the tourist season. https://www.researchgate.net/publication/356546300_The_hidden_cost_of_disturbance_Eurasian_Oystercatchers_Haematopus_ostralegus_avoid_a_disturbed_roost_site_during_the_tourist_season

⁴ Stillman & Goss-Custard. (2002). Seasonal changes in the response of oystercatchers Haematopus ostralegus to human disturbance. <https://nsojournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.1034/j.1600-048X.2002.02925.x>

⁵ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html, 1. grein